

Ed.

58. Breytingartillögur

[33. mál]

við frv. til laga um Stýrimannaskólann í Reykjavík.

Frá Geir Gunnarssyni.

1. Við 14. gr. Greinin orðist svo:

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn skólans.

Í skólanefnd eiga sæti 7 menn. Ráðuneytið skipar 5 skólanefndarmenn til 4 ára í senn: tvo samkvæmt tilnefningu Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, annan úr farmannastétt, hinn úr fiskimannastétt, einn samkvæmt tilnefningu Vinnuveitendasambands Íslands og einn samkvæmt tilnefningu Landssambands íslenzkra útvegsmanna. Formann skipar ráðuneytið án tilnefningar. Tvo skólanefndarmenn skipar ráðuneytið til eins árs í senn samkvæmt tilnefningu nemenda skólans. Tilnefning fulltrúa nemenda skal fara fram eftir reglum, sem ráðuneytið setur.

Skólanefndin skal fylgjast með kennslutilhögun og námsefni og vera skólastjóra til aðstoðar í málefnum skólans almennt.

2. Við 15. gr. 1. málsg. orðist svo:

Námskeið, er veiti þá fræðslu, sem um getur í 5. gr., svo og þá fræðslu, sem þarf til að standast fiskimannapróf 1. stigs og jafnframt til að setjast í 2. bekk í stýrimannaskóla, skal skólastjóri Stýrimannaskólans í Reykjavík láta halda árlega á eftirtöldum stöðum, þegar næg þátttaka er að dómi ráðuneytisins: Akureyri, Ísafirði, Neskaupstað og Keflavík eða Njarðvík.